

Lifandi fjarnám – Virkjum hópinn í fjarkennslu

Gerum betur ehf.

Lok verkefnis: 17.11.2020

1. Heiti verkefnis og nafn styrkþega

Lifandi fjarnám–Virkjum hópinn í fjarkennslu. Margrét Reynisdóttir, Gerum betur ehf.

2. Um verkefnið

Lifandi fjarnám snýst um að aðlaga þær góðu og fjölbreyttu aðferðir sem nú eru nýttar í hefðbundnu námskeiðahaldi að nútímatækni, en jafnframt að þróa kennsluaðferðir sem nýtast í fjarkennslu. Þjálfun starfsfólks í þjónustu er í forgrunni en aðferðirnar hafa þó víðtækari skírskotun og nýtast á fleiri sviðum.

3. Markmið verkefnis

Markmiðið er að móta nýjar aðferðir við fjarkennslu með þeim hætti sem að framan er lýst í þeim tilgangi að skapa færari og þar með verðmætari starfsmenn í þjónustustörfum.

4. Hverjir voru helstu samstarfsaðilar?

Símei (símennunarmiðstöð Eyjafjarðar), stýrihópur sem kom með mikilvæga reynslu og innsýn: Háskólinn á Akureyri, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Höldur - Bílaleiga Akureyrar, Keilir.

5. Hver er helsti ávinningur af verkefninu fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar?

Lifandi fjarnám er sérstaklega ætluð þeim sem þurfa margbreytilega nálgun. Hentar til fjarkennslu fyrir einstaklinga sem eiga stutta skólagöngu að baki en þó með það í huga að þeir geta haft mikla reynslu af samskiptum í sínu starfi hvort sem er í þjónustu eða öðru.

6. Lokaafurðir

Handbókin er ókeypis fyrir alla á <https://gerumbetur.is/product/sprelllifandi-fjarkennsla/>. [Linkur á skjal](#). Auglýsingamyndband hér: [Handbók: Sprelllifandi fjarkennsla til að virkja þátttakendur](#).